MYNDLISTASKÓLINN

ÁRSSKÝRSLA 2025–2026

Í REYKJAVÍK

EFNISYFIRLIT

ÁVARP SKÓLAMEISTARA	3
SKÝRSLA STJÓRNAR 2025-2026	4–5
AÐALFUNDUR	6–7
ERASMUS+	8–9
BARNADEILD	10–13
ALMENN NÁMSKEIÐ	14–17
SJÓNLISTADEILD	18–25
KERAMIKBRAUT	26–30
LISTMÁLARABRAUT	31–33
TEIKNIBRAUT	34–37
TEXTÍLBRAUT	38–42
BRAUTSKRÁNING VORIÐ 2026	43
FÉLAGATAL	44–45
HEILDARTÖLUR ÁRSINS	46
STARFSFÓLK	47
STARFSÁÆTLUN	48
VERKSTÆÐISDAGAR	49
FJÖLDI NEMENDA	50

Myndlistaskólinn í Reykjavík
www.mir.is
Umsjón og ábyrgð: Áslaug Thorlacius
Myndir: Ýmsir
Prentun: Litróf
Umbrot: Margrét Weisshappel
Útgefið í október 2026

ÁVARP SKÓLAMEISTARA

Skólaárið 2025-26 var fyrsta marktæka skólaárið í nýju húsi. Í stórum dráttum voru hlutirnir komnir á sinn stað áður en vetrarstarfið hófst. Margt var vissulega ógert en framkvæmdirnar voru á allt öðrum skala en árið áður. Almenn og góð sátt ríkti enda innan skólans, bæði meðal nemanda og starfsfólks.

Verkefninu er samt aldrei lokið. Nýju heimilisfangi fylgja ýmsar áskoranir, ekki síst á sviði markaðsmála. Þótt skólinn hafi í sjálfu sér ekki farið langt flutti hann í nýtt hverfi og þarf að ná til nýrra hópa, bæði barna og full-orðinna. Stöðugt þarf að fylgjast með þróun í stafrænum lausnum til að ná eyrum og augum fólks. Skráningar-öppin koma og fara og þótt yfirlýstur tilgangur þeirra sé að spara tíma og peninga er bæði tímafrekt og dýrt að skipta þeim út en það þýðir ekkert að ætla að standa gegn þeirri þróun.

Á meðan markaðsvinnan skilar sér hægt og rólega í vaxandi þátttakendafjölda á námskeiðum reynist sífellt erfiðara að ná eyrum yfirvalda. Helstu verkefni skólans eru unnin samkvæmt samningum við ríki og borg. Maður skyldi ætla að kaupendur þjónustu séu jákvæðir eða í það minnsta áhugasamir um umbætur en því er ekki að heilsa í okkar tilviki. Skömmu áður en skólaaárið hófst ákváðu borgaryfirvöld að sparka í skólann þegar hann lá verst við höggi. Þá hættu þau, án fyrirvara, að greiða fyrir gríðarlega vinsælt samstarfsverkefni með leik- og grunnskólum borgarinnar. Við það lækkaði fjármagn til myndlistarstarfs barna og ungmenna í borginni um 60% á einu bretti en skólinn er eini aðilinn sem sinnir því sviði. Og þetta gerðist þrátt fyrir að búið væri að ausa lofi og stuðningsloforðum yfir skólann fyrir að flytja á Hlemminn sem borgin er einmitt að reyna að lyfta upp úr áratuga niðurlægingu.

Stjórnendur hjá skóla- og frístundasviði mega samt eiga það að þau hafa þegið boð um að skoða nýja húsið, einu fulltrúar hins opinbera sem það hafa gert. Margítrekaðar tilraunir til að bjóða menntamálaráðherrum núverandi ríkisstjórnar og yfirstjórn ráðuneytisins í heimsókn hafa enn ekki skilað árangri. Viðhorf fagráðuneytisins virðast raunar einkennast af vanþekkingu en þau sem þar stjórna málum hafa augljóslega enga hugmynd um það starf sem fram fer, og hefur farið fram, innan skólans. Á fundi í ráðuneytinu máttum við Steingerður sitja undir ótrúlegri ræðu sem lýsti grun (eða eiginlega frekar sannfæringu) ráðuneytisins um að við ætluðum okkur taka peningana og láta okkur hverfa. Það var sérstakur fundur svo ekki sé meira sagt.

Við bugumst þó ekki en höldum ótrauð áfram, sannfærð um gildi myndlistarmenntunar og mikilvægi þess að sýn myndlistarmanna og nálgun skólans standi nemendum á framhaldsskólastigi áfram til boða. Þau eru ekki öll eins, ekki frekar en aðrir hópar.

Áslaug Thorlacius

STÖRF STJÓRNAR

Í stjórn skólans sitja: Erlendur Hjaltason formaður, Edda Kristín Sigurjónsdóttir og Logi Bjarnason meðstjórnendur og Bergþóra Guðnadóttir og Jóhann L Torfason varamenn. Sex fundir voru haldnir í stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík frá síðasta aðalfundi. Helstu mál sem stjórn fjallaði um voru fjármál skólans og starfsmannamál auk þess sem stjórn fylgdist almennt vel með skólahaldinu, s.s. nemendafjölda, tækifærum og þeim áskorunum sem skólinn stendur frammi fyrir. Í ljósi þess að húsnæðismál skólans eru nú í öruggri höfn hefur stjórn lagt áherslu á að hlúa sérstaklega að innra starfi og starfsfólki og nemendum skólans.

STARFSFÓLK

Starfsmannahópurinn tók nokkrum breytingum á árinu. Starf yfirkennara hóps nemenda með þroskahömlun var lagt niður og fært undir yfirkennara listnámsbrautar. Berglind Erna Tryggvadóttir hætti því sem yfirkennari fyrir upphaf skólaársins. Margrét Katrín Guttormsdóttir yfirkennari textílbrautar fór í fæðingarorlof á miðju vormisseri. Við hennar starfi tók Álfrún Pálmadóttir. Við lok skólaársins hættu þær Anna Sigurðardóttir námsráðgjafi og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri störfum sökum aldurs, báðar starfsmenn til margra ára. Í þeirra stað voru ráðnar Lilja Rós Óskarsdóttir náms- og starfsráðgjafi og Helga Björk Ottósdóttir sem tekur nú við af Höllu en hún hefur gegnt ýmsum störfum fyrir skólann áður. Ólöf Bóadóttir verður í fæðingarorlofi til næstu áramóta en Katrín Helga Andrésdóttir sem leysti hana af á síðasta skólaári er sjálf komin í fæðingarorlof. Kristín Karólína Helgadóttir mun stjórna almennum námskeiðum til áramóta þegar Ólöf kemur tilbaka. Auk þess má nefna að Margrét Helga Weisshappel var fengin til að annast grafíska hönnun á öllu kynningarefni í samræmi við samþykkt grafískt útlit skólans.

SAMSTARFSDAGAR OG STARF SKEMMTINEFNDAR

Í skemmtinefnd sátu Halldór, Anna og Halla. Áslaug var varamaður. Nefndin stóð fyrir nokkrum viðburðum s.s. jólapappírsgerð og svo var farið í leikhús og horft á sýninguna Niflungahringinn allan en Þórunn María gerði leikmynd og búninga. Starfsmannahópurinn borðaði saman á starfsdögum. Á haustfundinum var borðað á Reykjavík Kitchen sem er niðri á fyrstu hæð en eftir vorfundinn var keyptur matur. Á starfsdegi í október var fyrsti snúningur tekinn í leitinni að einkunnarorðum fyrir skólann. Á starfsdegi 11. júní réðist starfsfólk í mikla tiltekt í skrifstofum og á kaffistofu og öðrum starfsmannarýmum en þau höfðu setið á hakanum í framkvæmdunum. Keypt var málning í notalegum litum og allt málað og snurfusað. Útkoman er afskaplega ánægjuleg og öllum líður mun betur.

JÓLABOÐ SKÓLAFÉLAGSINS

Undanfarin ár hefur jólaboð skólafélagsis oft fallið niður. Fyrst var það heimsfaraldur og jólin 2024 var ekki hægt að halda það vegna þröngra skilyrða um notkun húsnæðis skólans. Öll slík fyrirstaða er nú úr sögunni og jólaboð var haldið með glæsibrag. Boðið var upp á aðkeyptan mat sem félagið niðurgreiddi að hluta en boðsgestir greiddu fyrir sig. Þátttaka var góð og mikið fjör á dansgólfinu.

HÚSIÐ

Húsnæðismálin eru nú frá að mestu og væntir stjórnin þess að langt sé í að þau verði jafnfyrirferðarmikil að nýju. Aðstaðan er meira og minna tilbúin þótt lengi megi gott bæta. Öll lagaskilyrði hafa verið uppfyllt og öll tilskilin leyfi fengin.

Nemendur í textíl kvörtuðu undan vanlíðan og í framhaldi voru tekin sýni í stofunum og sömuleiðis í öllum skrifstofum starfsfólks. Sýnin komu að mestu leyti vel út en þó var ákveðið að þvo veggina í litunareldhúsinu og á skrifstofu yfirkennara sem er undir litunarstofunni með þar til gerðu efni. Fylgst verður með ástandinu og sýni tekin reglulega.

VIÐURKENNING EINKASKÓLA Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Í nóvember var viðurkenning skólans sem veitt hafði verið til þriggja ára í febrúar 2024 uppfærð en upphaflega miðaðist hún við húsnæði á Hringbrautinni. Þetta gerðist í kjölfar þess að lokaúttekt fór fram og öll leyfi voru þar með komin.

INNRA MAT

Sífellt aukast kröfur til skóla um innra mat. Í skólanámskránni er því lýst hvernig skólinn metur eigið starf og hefur þeim áætlunum verið fylgt vel undanfarin ár. Aukin áhersla á að skýrslur með niðurstöðum matsins séu birtar opinberlega kallar á breytt vinnubrögð og því hefur slíkum matsskýrslum fjölgað á vefsíðu skólans.

Samtöl við nemendahópa. 12.-18. nóvember heimsótti skólameistari allar deildir dagskólans og kom frá þeim fundum nestuð góðum athugasemdum um ýmislegt sem betur mætti fara. Að þessu sinni var hægt að verða við nánast öllu því sem lagt var til en meðal annars óskuðu nemendur eftir að skólinn keypti fleiri kortalesara við myndavélar, loftræsing í heimastofu keramiks og fyrirlestrasal yrði bætt, gluggi í einni stofunni yrði þéttur og fleira í þeim dúr.

Þjónustukannanir voru lagðar fyrir nemendur í dagskóla annars vegar og nemendur á námskeiðum hinsvegar og eru niðurstöður þeirra aðgengilegar á vef skólans Kennslumatskannanir hafa verið senda út í kjölfar hvers áfanga og litið svo á að með því sé verið að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig nafnlaust. Lítil svörun sé þá til marks um að hlutirnir séu í góðu lagi. Það nægir þó ekki og verður verklagi breytt héðan í frá og ein stór könnun send út við lok hverrar annar og harðar gengið eftir svörum nemenda.

Skólafundur var haldinn 23. mars. Til hans var boðið öllum nemendum dagskóla ásamt starfsfólki skólans. Fyrir fundinum lá það verkefni að komast nær niðurstöðu um hver verði einkunnarorð skólans. Mæting var mjög góð og fundurinn gekk í alla staði mjög vel. Í framhaldi af fundinum var stjórn skólans, stjórn nemendafélagsins og föstum starfsmönnum skólans boðið til lokafundar um einkunnarorðin og þar náðist niðurstaða sem allir voru sáttir við: Litríkt, listrænt samfélag.

BÓKASAFNIÐ
Bókasafn skólans var enn í kössum við upphaf skólaársins. Ákveðið var að setja safnið á hjól til þess að salurinn á 4. hæðinni nýtist undir skólasetningu og slit, sýningar og aðra viðburði. Keyptir voru 8 vagnar utan um gömlu hillurnar en á hverjum vagni eru tæplega 14 hillumetrar svo í heildina rúmar safnið á 4. hæðinni rétt tæpa 110 hillumetra. Að auki er talsvert af sérhæfðum bókum í hillum inni í heimastofum keramik-, listmálara-, teikni- og textílbrauta. Þær bækur eru skráðar í safnkostinn en geymdar þar sem þær nýtast væntanlega mest og best.

NÁMSRÁÐGJÖF
Skólaárið 2025-2026 var nemendum boðið upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa sem Anna Sigurðardóttir sinnti í hlutastarfi með viðveru á miðvikudögum eða eftir samkomulagi. Áhersla er lögð á að aðstoða nemendur svo þeir geti lokið námi sínu frá skólanum. Námsráðgjafi boðar alla nemendur á stúdentsbraut skólans til fundar við sig í upphafi árs. Jafnframt kynnir hún sig fyrir nemendum á öðrum brautum og býður fram þjónustu sína. Námsráðgjafi er í samstarfi við aðra náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi og hefur tekið á móti hópum nemenda þeirra sem vilja kynna sér nám við skólann. Námsráðgjafi gefur einnig leiðbeiningar um nám í öðrum skólum og annað sem rætt er í viðtölum sem fara fram í trúnaði nema nemandi leyfi annað. Námsráðgjafi starfar í nánu samstarfi við skólastjóra og yfirkennara skólans.

HUGMYND UM AÐ BJÓÐA SAMFELLT NÁM FYRIR UNGT FÓLK
Snemma árs var sendur út könnunarpóstur til aðstandenda alla 10-12 og 13-16 ára nemenda til að spyrja út í áhuga á samfelldu frístundanámi fyrir unglinga. Hugmyndin er að byrja með einn hóp á aldrinum 13-16 ára og miða við eitt ár. Seinna mætti útvíkka þetta ef vel gengur. Viðtökur voru góðar en foreldrar 14 ungmenna lýstu áhuga á að skrá sín börn í slíkt nám.

LJÓSMYNDASKÓLINN
Ljósmyndaskólinn er að hætta starfsemi sinni en eigendur hans höfðu samband við stjórnendur Myndlistaskólans um hugsanleg kaup á skólanum. Á sama tíma voru þau í viðræðum við Listaháskólann um að skólinn tæki námið yfir og um tíma leit út fyrir að það yrði niðurstaðan en að yfirfærslan tæki lengri tíma. Myndlistaskólinn hefur staðið í nægum fjárfestingum í bili en stjórn skólans studdi tillögu Steingerðar um að bjóðast til að reka skólann á sömu forsendum og hann hefur verið rekinn í millibilinu. Tillagan fékk ekki brautargengi hjá Ljósmyndaskólanum. Það varð því ekki af samstarfi á þeim vettvangi.

VIÐBURÐIR OG GESTAKOMUR

OPIÐ HÚS Í NÁMSKEIÐASKÓLA
Sunnudaginn 15. mars var haldið Opið hús þar sem verkefni nemenda á námskeiðum voru í aðalhlutverki. Jafnframt bauðst fólki að skoða allar brautir dagskólans. Skólinn var því í sínum besta sparibúningi.

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ
Barnadeildin tók þátt í Barnamenningarhátíð með sýningu í austari forsal Kjarvalsstaða. Sýningin var opnuð þriðjudaginn 21. apríl og stóð í sex daga. Um 140 börn tóku þátt í sýningunni og sýndu bæði tvívíð og þrívíð verk, unnin úr pappír og leir. Verkin voru innblásin af þema Barnamenningarhátíðar – samfélagi og samkennd – og endurspegluðu sköpunargleði, samvinnu og hugmyndaauðgi ungu listamannanna. Sýningarstjórar voru Steinunn Marta Önnudóttir og Lovísa Lóa Sigurðardóttir.

VORSÝNING
Vorsýning skólans var opnuð fimmtudaginn 7. maí og stóð að vanda í fimm daga eða til og með mánudegi 11. maí. Sýningin var að þessu sinni eingöngu á 3. og 4. hæðum hússins en námskeiðaskólinn var ekki með.

ÚTSKRIFTARHÁTÍÐ
Útskrift 22. maí. Rætt var hvort betra væri að útskrifa í einum eða tveimur hópum en alls útskrifuðust 86 nemendur. Niðurstaðan varð að halda eina athöfn og gekk hún vonum framar þrátt fyrir allan þennan fjölda. Það má með sanni segja að húsfyllir hafi verið en hátíðin einkenndist af þungarokki en bæði Skólahljómsveit Myndlistaskólans og hljómsveitin Screams of Agony sem skemmtu samkomunni léku rokk af þyngri gerðinni. Lára Stefanía Guðnadóttir flutti ávarp fyrir hönd útskriftarnemenda en hún var að ljúka fornámi.

Gestalistamaður. Geoff Booras, bandarískur keramiklistamaður var gestalistamaður á Fulbright styrk og hafði aðstöðu á gifsverkstæðinu á 3. hæðinni á haustönninni.

Eliot Rudolph frá Leeds Arts University heimsótti skólann í febrúar og hélt kynningu á námi við LAU en nokkrir nemendur hafa lokið BA prófi þaðan eftir að hafa fengið viðbótarnámið við Myndlistaskólann metið inn í grunnnám við skólann. Eliot bauð einnig upp á örnámskeið í möppugerð fyrir þau sem voru að vinna að umsókn um nám við háskóla í Bretlandi.

FRÆÐSLA UM GEÐHEILBRIGÐISMÁL
Héðinn Unnsteinsson kom í heimsókn í byrjun mars og talaði við nemendur um geðheilbrigðismál.

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA
Ráðherra hefur ítrekað verið boðið í heimsókn frá síðustu stjórnarskiptum. Stjórnendur skólans telja mikilvægt að kynna starfsemi skólans fyrir yfirvöldum því skólinn er að langstærstum hluta rekinn með fjármagni frá ríki og borg. Maður skyldi ætla að flutningarnir vektu áhuga hjá þeim sem kaupa af skólanum þjónustu. Ráðherraskipti hafa verið tíð í sitjandi ríkisstjórn og í hvert sinn hefur nýr ráðherra fengið boð frá skólanum. Það hefur þó ekki enn gengið eftir en Guðmundur Ingi Kristinsson hafði þegið boð þegar hann veiktist og þurfti að hætta.

AÐALFUNDUR, 30. OKTÓBER 2025

Fundur er settur kl. 17:10

Benedikt Ólafsson er samþykktur sem fundarstjóri. Steingerður Hreinsdóttir samþykkt sem ritari fundarins. Lögmætur fundur. Allir fundargestir eru meðlimir í félaginu og hafa því atkvæðarétt komi til atkvæðagreiðslu.

Benedikt óskar eftir því að breyta röðuninni á dagskrá aðalfundarins þannig að farið verði yfir lagabreytingar á undan kosningum. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla skólastjóra og framkvæmdastjóra Myndlistaskólans í Reykjavík ses yfir liðið starfsár.
Áslaug Thorlacius. Árið í fyrra var mjög erfitt ár. Það gekk á ýmsu en í dag virðist allt vera komið í réttan farveg og nemendur og kennarar eru ánægð. Húsnæðið er 14 fermetrum minna en JL húsið en mun rúmbetra. Komið hefur í ljós að húsið er örlaga-Myndlistaskólahús af því að hér var Myndlistaskólinn til húsa 1977-79. Skýrsla skólastjóra er þegar birt á vef skólans, útprentunum eintökum er dreift til fundargesta til að skoða. Árið var áhugavert og erfitt. Skólinn var rekinn á bráðabirgðar leyfum og viðurkenningum sem allt er núna komið í hús síðan í júní. Bókasafnið eru í vinnslu og stefnt er á að það verði komið upp í lok annar.

2. Endurskoðandi Myndlistaskólans í Reykjavík ses gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.

Jóhann Magnús gerir grein fyrir ársreikningi. Umbreytingartími vegna flutnings í nýtt húsnæði að Rauðarstíg 10. Á tímabili var greitt af þremur húsum samtímis. Starfsemi dróst saman tímabundið vegna flutninga – en kostnaðurinn við kennslu og aðstöðu var ýmist meiri eða hélst sá sami. Það litar ársreikninginn. JL húsið var að stórum hluta afskrifað og því er umtalsverð styrking á eiginfé skólans. Rekstur húsnæðis hækkar um helming vegna þess að við áttum á tímabili 3 hús. Rekstur skólans er um það bil á núlli og EBIDT an er um 1.300þ á árinu. Eigið fé hækkaði upp í 660 milljónir úr 190mkr. Skuldsetningin hækkar úr 26 milljónum í 250m sem búið er að lækka um 50 mkr.

3. Lagabreytingar
Tillaga að lagabreytingum Skipulagsskrár Myndlistaskólans í Reykjavík.

Breyting a):
2. gr. hljóðar svo: „Heimilisfang Myndlistaskólans í Reykjavík ses. er að Hringbraut 121, Reykjavík."

Lagt er til að 2. gr. hljóði svo: : „Heimilisfang Myndlistaskólans í Reykjavík ses. er að Rauðarárstíg 10, Reykjavík."

Breyting b):
7. gr. hljóðar svo : „Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 3 mönnum. Jafnframt skulu við skipan á aðalmönnum í stjórn skipaðir 2 menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til þriggja ára. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn, þó aldrei til lengri tíma en 6 ára samanlagt. Stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin er ábyrg fyrir fjárreiðum stofnunarinnar og ber henni að upplýsa stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík um þær, sé þess óskað. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru umboð fyrir stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum."

Ekki er talið æskilegt að í stjórn sjáfseignarstofnunarinnar sitji skólastjóri eða fastráðnir starfsmenn hennar og er því lagt til að það sé áréttað í skipulagsskrá stofnunarinnar.

Lagt er til að eftir breytingu hljóði 7. gr. svo: „Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 3 mönnum. Jafnframt skulu við skipan á aðalmönnum í stjórn skipaðir 2 menn í varastjórn til sama tíma. Stjórnin skal kosin til þriggja ára. Heimilt er að endurkjósa stjórnarmenn, þó aldrei til lengri tíma en 6 ára samanlagt. Stjórnarmenn skulu kjörnir á aðalfundi Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Hvorki er heimilt að kjósa skólastjóra né fastráðna starfsmenn til setu í stjórn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin er ábyrg fyrir fjárreiðum stofnunarinnar og ber henni að upplýsa stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík um þær, sé þess óskað. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúru umboð fyrir stofnunina. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum."

Breyting c):
9. gr. hljóðar svo: „Stjórn stofnunarinnar ræður skólastjóra sem jafnframt er framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Skólastjóri sé ávallt myndlistamenntaður og hafi háskólamenntun eða ígildi hennar á því sviði. Tillögu stjórnar um ráðningu skólastjóra skal þó fyrst leggja fyrir stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Stjórn ákveður starfskjör skólastjóra. Skólastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Skólastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Heimilt er að skólastjóri sé jafnframt í stjórn stofnunarinnar, þó ekki sem stjórnarformaður. Skólastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum."

Ef tillaga að breytingum á 7. gr. verður samþykkt breytist 9. gr. samkvæmt því.

Lagt er til að 9. gr. hljóði þannig eftir breytingar: „Stjórn stofnunarinnar ræður skólastjóra sem jafnframt er framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Skólastjóri sé ávallt myndlistamenntaður og hafi háskólamenntun eða ígildi hennar á því sviði. Tillögu stjórnar um ráðningu skólastjóra skal þó fyrst leggja fyrir stjórn Félags Myndlistaskólans í Reykjavík. Stjórn ákveður starfskjör skólastjóra. Skólastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Skólastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum og hefur þar tillögurétt. Skólastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum."

Breyting d):
10. gr. hljóðar svo: „Yfirkennarar starfa með skólastjóra og hafa yfirsýn og umsjón hver á sínu sviði. Heimilt er að yfirkennarar séu jafnframt í stjórn stofnunarinnar, þó ekki sem stjórnarformaður. Kennarafundi skal halda minnst einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn."

Ef tillaga að breytingum á 7. gr. verður samþykkt breytist 10. gr. samkvæmt því.

Lagt er til að 10. gr. hljóði þannig eftir breytingar: „Yfirkennarar starfa undir stjórn skólastjóra og hafa yfirsýn og umsjón hver á sínu sviði. Kennarafundi skal halda minnst einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn."

Tillaga að lagabreytingum Félags Myndlistaskólans í Reykjavík.

Breyting a):
3. gr. hljóðar svo: „Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kosnir skulu á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa 2 menn í varastjórn og 2 skoðunarmenn reikninga."

Lagt er til að fækka stjórnarmönnum í 3 og varamönnum í einn. Þar sem félagið er ekki með félagsgjöld eða neina fjárhagsstarfsemi er lagt til að sleppa kosningu skoðunarmanna reikninga.

3. gr. hljóði því svo eftir breytingar: „Stjórn félagsins skipa 3 menn sem kosnir skulu á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa 1 mann í varastjórn."

Breyting b):
5. gr. hljóðar svo: „Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní. Aðalfund félagsins skal halda síðari hluta árs að lokinni endurskoðun reikninga. Aðalfund skal boða með bréfi eða tölvupósti til félagsmanna með minnst viku fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef löglega er til hans boðað."

Lagt er til að fella út ákvæði um reikngsár og endurskoðun reikninga þar sem félagið er hvorki með félagsgjöld né rekur fjármálastarfsemi af nokkru tagi.

5. gr. hljóði svo eftir breytingar: „Aðalfund félagsins skal halda síðari hluta árs. Aðalfund skal boða með bréfi eða tölvupósti til félagsmanna með minnst viku fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef löglega er til hans boðað.

4. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga Félags Myndlistaskólans í Reykjavík samkvæmt 3. gr. félagslaga.

Val í aðalstjórn félags skólans: Ína Salóme Hallgrímsdóttir, Halldór Baldursson, Þuríður Ósk Smáradóttir bjóða sig fram. Fleiri framboð berast ekki. Þau eru því sjálfkjörin. Í varastjórn gefur kost á sér Halla Kjartansdóttir hún er sjálfkjörin.

Katrín Helga Andrésdóttir og Helena Sólveigar Aðalsteinsbur voru samþykkt sem nýir félagsmenn.

5. Kosning stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík ses. samkvæmt 7. gr. skipulagsskrár sjálfseignastofnunarinnar: Þriggja manna aðalstjórn og tveir varamenn. Edda Kristín, Erlendur Hjaltason, Logi Bjarnason, Bergþóra Guðnadóttir og Jóhann L. Torfason. Halda áfram í stjórn næsta árið.

6. Önnur mál
Erlendur Hjaltason notaði tækifærið og þakkaði starfsfólki skólans fyrir þrautseigju og seiglu síðasta ár.

Á skólaárinu 2025-2026 leiddi skólinn alls fjögur Erasmus+ verkefni, tvö undir liðnum Nám og þjálfun í starfsmenntun fyrir nemendur og starfsfólk og tvö undir liðnum Nám og þjálfun á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.

Skólaárið byrjaði með ferðum viðbótarnámsbrautanna til Belgíu, Spánar og Danmerkur. Eins og undanfarið fóru teiknibraut og listmálarabraut saman til Hollands og Belgíu. Einnig var árleg haustferð listnámsbrautar farin til Berlínar.

Þrír nemendur nýttu sér starfsnámstækifæri yfir tímabilið, tveir fóru í starfsnám síðla sumars til Danmerkur og Frakklands og þriðji nemandinn fór til Póllands eftir jól. Í Frakklandi var málaralistin tekin fyrir og í Danmörku og Póllandi keramikstarfsnám. Bæði kennarar og starfsfólk nýttu sér tækifæri til þess að sækja námskeið erlendis. Sumir nýttu sér Teachers Academy og sóttu m.a. námskeið í gervigreind, stjórnun og skipulagi í Brussel, Split og Dublin. Skólinn fékk einn sérfræðing til landsins frá Þýskalandi sem kenndi gifsmótagerð.

Skipulagðar voru tvær hópferðir fyrir kennara með það að markmiði að fá inn fleiri nýliða sem hafa ekki verið að nýta sér Erasmus tækifærin innan skólans. Það lukkaðist vel og var helmingur hópanna nýliðar.

Námskeiðin sem hóparnir sóttu voru í bókgagerð í Tallin og pappírsgerði í Helsinki. Bæði staðir sem starfsfólk innan skólans hefur heimsótt áður og reynst vel svo það var ákveðið að nýta sér þar sem voru meðmæli með. Um þessar myndir erum við að skoða að halda samstarfinu áfram ognfá bókargerðarkennarann sem kenndi hópnum í Tallin til landsins.



Erasmus verkefnisstjóri: Silfrún Una Guðlaugsdóttir
Starfsmenntunarverkefni: Framkvæmd
Starfsmenntunarverkefni: Kennarar
Samtals: 25 sem fóru á tímabilinu

Dvalartegund:	Haust	Vor	Tímabil	Lengd	Staður
Námskeið	X		20-07-2025, 02-08-2025	14 dagar	Svíþjóð
Námskeið	X		07/07/2025, 12/07/2025	6 dagar	Írland
Námskeið	X		09-06-2025, 13-06-2025	5 dagar	Ítalía
Námskeið		X	02-02-2026, 07-02-2026 tveir starfsmenn	6 dagar	Belgía
Námskeið		X	13-04-2026, 23-04-2026	21 dagar	Spánn
Námskeið		X	15/06/2026, 20/06/2026	6 dagar	Króatía
Námskeið		X	17/05/2026 20/05/2026 6 manna hópur	4 dagar	Finnland
Námskeið		X	25/05/2026 29/05/2026 8 manna hópur	5 dagar	Eistland
Námskeið		X	"11/05/2026 15/05/2026	5 dagar	Noregur
Starfsspeglun		X	18/03/2026 20/03/2026 Tveir kennarar	3 dagar	Þýskaland

Starfsmenntunarverkefni: Gestakennarar:
Samtals: 1 sem kom á tímabilinu

Dvalartegund:	Haust	Vor	Tímabil	Lengd	Frá
Invited expert		X	23/02/2026 23/04/2026	60 dagar	Þýskalandi

Starfsmenntunarverkefni: Nemendur
Samtals: Alls 52 (44 nemendur og 8 kennarar í fylgd)

Dvalartegund:	Haust	Vor	Tímabil og fjöldi nemenda og fylgdarliði	Lengd	Staður
Starfsnám	X		01-07-2025, 01-08-2025	60 dagar	Danmörk
Starfsnám	X		01/06/2025, 31/10/2025,	151 dagar	Frakkland
Starfsnám		X	07/07/2026, 31/08/2026	56 dagar	Pólland
Hópferð diplómadeilda	X		28/09/2025, 10/10/2025	13 dagar	Danmörk
Hópferð diplómadeilda	X		13/10/2025, 24/10/2025	12 dagar	Belgía
Hópferð diplómadeilda	X		13/10/2025, 24/10/2025	12 dagar	Belgía
Hópferð diplómadeilda	X		13/09/2025, 27/09/2025	11 dagar	Spánn

Skólaverkefni Framkvæmd: Kennarar
Samtals: Alls 12 (10 nemendur og 2 kennarar)

Dvalartegund:	Haust	Vor	Tímabil og fjöldi nemenda og fylgdarliði	Lengd	Staður
Hópferð	X		21-09-2025, 24-09-2025 10 nemendur 2 í fylgdarliði	4 dagar	Þýskaland

Skólaárið 2025-2026 var ljómandi skemmtilegt. Haustönnin hófst með góðri skráningu nemanda á öllum aldri og endaði með fullum stofum af frábærum verkefnum. Vorönnin var viðburðarík og ber þar helst að nefna tvo viðburði. En þeir voru fyrst, opið hús námskeiða í Myndlistaskólanum að Rauðarárstíg sem heppnaðist mjög vel og var ótrúlega gaman þegar húsið fylltist af nemendum og aðstandendum, og stöplar og veggir voru fullir af flottum verkum nemanda. Síðan tók barnadeildin líka þátt í Barnamenningarhátíð og var með sýningu hjá nágrönnum okkar á Kjarvalsstöðum. Þema hátíðarinnar var samfélag og samkennd og unnu yfir hundrað nemendur verk eftir því undir handleiðslu kennaranna sinna og úr varð ljómandi falleg sýning sem hleypti okkur inn í vorið.

Sumarnámskeiðin hófust svo í júní og var skráningin mikil. Húsið iðaði af lífi og fjöri og veðrið lék við okkur. Hóparnir nýttu sér nærumhverfi okkar og unnu ýmis verk úti á Klambratúni, inni á Kjarvalsstöðum og á torginu okkar við Hlemm, og er óhætt að segja að við séum ánægð með nýju staðsetninguna okkar.

En meðfram hinu ýmsu verkefnum barnadeildarinnar hófst undirbúnings- og hugmynda vinna á nýrri námsbraut fyrir 13-16 ára unglinga. En sú hugmynd hefur verið í loftinu lengi og byggir hún á langri reynslu kennara við skólann og óskum nemenda og foreldra þeirra.

Það er algengt að nemendur á aldrinum 4-16 ára sæki frístundanámskeið skólans í 5-10 ár. Með nýju námsleiðinni viljum við bjóða áhugasömu nemendum að stunda markvissara nám þegar þau eru komin á unglingastig, þar sem að geta þeirra og áhugi fá að dýpka. Námið mun byggjast upp á skapandi og faglegu grunnnámi þar sem nemendur kynnast undirstöðuþáttum og aðferðum allra helstu miðla myndlistarinnar. En meira um þetta verkefni í næstu skýrslu.







BARNADEILD

DEILDARSTJÓRI: ÞURÍÐUR ÓSK SMÁRADÓTTIR

Sumar 2025 (ágúst)	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu-stundir
	6-9 ára	Myndlist ofl.	Steinunn Marta Önnudóttir	2	19	43
	10-12 ára	Ævintýri og upplifun	Guðrún Vera Hjartardóttir, Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	15	21
	13-16 ára	Myndasögur og Manga	Dagur Pétursson Pinós, Guðbrandur Magnússon	1	6	21
í heild sinni		3	5	4	40	85

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu-stundir
	4-5 ára	Myndlist ofl.	Rannveig Jónsdóttir	1	6	29
	6-9 ára	Myndlist ofl.	Hlökk Þrastardóttir, Steinunn Marta Önnudóttir	5	36	143
Rauðarárstígur 10	6-9 ára	Leirmótun	Tara Njála Ingvarsdóttir	1	8	29
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	9	38
	10-12 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	6	25
	10-12 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós	1	15	38
	10-12 ára	Myndasögur	Dagur Pétursson Pinós, Guðbrandur Magnússon	1	9	38
	10-12 ára	Leirmótun og rennsla	Katla Rúnarsdóttir	2	16	75
	10-12 ára	Sköpun og leikur með list	Guðrún Vera Hjartardóttir	1	6	38
	13-16 ára	Mangateikning	Dagur Pétursson Pinós, Guðbrandur Magnússon	1	8	41
	13-16 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	5	27
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	Ragnheiður I Margeirsdóttir	1	13	41
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	8	41
Breiðholt	10-13 ára	Fjölbreytt ljósmyndun (Hólabrekkuskóli)	Linda Bolsakova	1	5	12
	10-13 ára	Myndlist í snjalltækjum (Ölduselsskóli)	Björk Viggósdóttir	1	4	12
Haust 2025 í heild sinni		15	18	20	154	622



BARNADEILD

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu-stundir
Vor 2026	4-5 ára	Myndlist ofl.	Rannveig Jónsdóttir	2	11	57
	6-9 ára	Myndlist ofl.	Hlökk Þrastardóttir, Steinunn Marta Önnudóttir, Tara Njála Ingvarsdóttir, Vala Sigþrúðar Jónsdóttir	5	41	143
	6-9 ára	Leirmótun	Tara Njála Ingvarsdóttir	1	6	29
	10-12 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	12	38
	10-12 ára	Dungeons & Dragons: Teiknað og spilað.	Guðbrandur Magnússon	1	5	38
	10-12 ára	Mangateikning	Guðbrandur Magnússon	1	15	38
	10-12 ára	Myndasögur	Guðbrandur Magnússon	1	7	38
	10-12 ára	Leirmótun og rennsla	Guðný Rúnarsdóttir, Steinunn Marta Önnudóttir	2	16	75
	13-16 ára	Mangateikning	Guðbrandur Magnússon	1	14	41
	13-16 ára	Leirmótun og rennsla	Ragnheiður I Margeirsdóttir	1	12	41
	13-16 ára	Teikning og blönduð tækni.	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	1	14	41
í heild sinni		11	15	17	153	575

	Aldur	Áfangi	Kennari/-ar	Fjöldi hópa	Fjöldi nemenda	Kennslu-stundir
Sumar 2026 (júní)	6-9 ára	Málun og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	2	20	27
	6-9 ára	Náttúra, umhverfi og mynd	Hlökk Þrastardóttir, Rannveig Jónsdóttir	2	18	24
	6-9 ára	Skrímsli og furðuverur	Steinunn Marta Önnudóttir	2	21	30
	6-9 ára	Töfrar Skúlptúrsins	Hlökk Þrastardóttir	1	5	12
	10-12 ára	Málun og blönduð tækni	Lovísa Lóa Sigurðardóttir	2	11	27
	10-12 ára	Myndasögur og manga	Guðbrandur Magnússon	2	39	27
	10-12 ára	Náttúra, umhverfi og mynd	Rannveig Jónsdóttir	1	12	12
	13-16 ára	Myndasögur og manga	Guðbrandur Magnússon	2	13	27
í heild sinni		9	9	14	119	186

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjödi hópa	Fjöldi nemenda	Fjöldi kennslustunda
Samtals 2025-2026	38	47	55	466	1468

BARNADEILD







ALMENN NÁMSKEIÐ

Skólaárið 2024-25 var viðburðarríkt í deild almennra námskeiða. Skólinn flutti á ný í húsnæðið við Rauðarárstíg 10, þar sem hann hafði áður haft aðsetur. Flutningarnir vöktu bæði eftirvæntingu og spennu en leiddu jafnframt til ýmissa áskoranna sem unnið var markvisst að því að mæta. Undanfarið hefur deildin unnið að því að byggja upp starfsemina á nýjum stað.

Við þökkum kennurum kærlega fyrir vel unnin störf; sumir hafa kennt um árabil en aðrir eru að taka sín fyrstu skref í kennslu. Markmiðið er að varðveita og rækta þá þekkingu sem býr hjá reyndum kennurum á sama tíma og skapa rými fyrir nýjungar sem í mörgum tilvikum styrkja það sem fyrir er. Þetta krefst ígrundaðrar leiðsagnar, áheyrnar og virkrar hlustunar af hálfu deildarstjóra.

Á skólaárinu héldum við áfram þróun örnámskeiða, sem eru ákveðin nýjung í skólanum. Hugmyndin er að móta námskeiðin út frá listiðkun kennaranna svo þeir geti miðlað eigin aðferðum í listsköpun til nemenda. Það er enda eitt helsta einkenni Myndlistaskólans að kennarar hans eru starfandi myndlistarmenn.













ALMENN NÁMSKEIÐ

DEILDARSTJÓRI: KATRÍN HELGA ANDRÉSDÓTTIR

ALMENN NÁMSKEIÐ - VOR 2026										
Áfangaheiti	Áfanga-númer	Ein.	Fjöldi áfanga	Kennari/-ar	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Ein. lokið	Kennslu-stundir
Arkitektúr og hönnun	FORM2AH02	2	1	Bjarki Gunnar Halldórsson, Karitas Möller	2	1	17	34	34	56
Gifsmótagerð: Frá hugmynd að lokaafurð	KERA2GMHA01	1	1	Jens Pfotenhauer	1	1	7	7	7	45
Leirrennsla: Masterclass	KERA2LMC01	1	1	Daði Harðarson, Kolbrún S. Kjarval, Ragna Ingimundardóttir, Þuríður Ósk Smáradóttir	4	1	7	7	6	46
Leirrennsla	KERA2LR02	2	1	Martina Priehodová, Viktor Breki Óskarsson	2	3	26	52	50	148
Leirmótun og skúlptúr	KERA2LS02	2	1	Agnes Freyja Björnsdóttir	1	1	12	24	24	46
Ferilmöppu-gerð	MAPP2FM01	1	1	Magnús Valur Pálsson, Þorgerður Ólafsdóttir	2	1	15	15	8	28
Filmuljós-myndun	MARG2LJ01	1	1	Stephan Adam	1	1	7	7	7	28
Grunnþættir málunar	MÁLV1GÞ01	1	1	Kristinn Guðbrandur Harðarson	1	2	24	24	15	56
Vatnslitir: borgarlíf	MÁLV2VB01	1	1	Óskar Thorarensen	1	1	12	12	12	28
Módel-teikning	MÓDE2MÓ01	1	1	Halldór Baldursson	1	2	25	25	25	56
Málað og klippt: tilraunastofa	MYNL2MK01	1	1	Helga Páley Friðþjófsdóttir	1	1	6	6	6	28
Vefnaður	TXTL2VEF02	2	1	Thelma Kristín Stefánsdóttir	1	1	6	12	8	46
Málaralist: Vinnustofa	VIST2MÁL02	2	1	Kristinn Guðbrandur Harðarson	1	1	9	18	12	56
Myndlist: vinnustofa	VISTVM1.2	0	1	Kristinn Guðbrandur Harðarson	1	1	9	0	0	50
Samtals:			14		20	18	182	243	214	715

STYTTRI NÁMSKEIÐ										
Áfangaheiti	Áfanganúmer	Ein.	Fjöldi áfanga	Kennari/-ar	Fjöldi kennara	Hópur	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Ein. lokið	Kennslu-stundir
Grafík: töfraheimur prentsins	N2GTP	0	1	Tóta Kolbeinsdóttir	1	1	9	0	0	19
Myndvefnaður	N0408	0	1	Vala Sigþrúðar Jónsdóttir	1	1	8	0	0	19
Samtals:			2		2	2	17	0	0	38

SUMAR 2026 (MAÍ/JÚNÍ)										
Áfangaheiti	Áfanganúmer	Ein.	Fjöldi áfanga	Kennari/-ar	Fjöldi kennara	Fjöldi hópa	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Ein. lokið	Kennslu-stundir
Leirrennsla	KERA2LR02	2	1	Viktor Breki Óskarsson	1	1	11	22	22	37
Samtals:			1		1	1	11	22	22	37

STYTTRI NÁMSKEIÐ										
Áfangaheiti	Áfanganúmer	Ein.	Fjöldi áfanga	Kennari/-ar	Fjöldi kennara	Hópur	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Ein. lokið	Kennslu-stundir
Vélprjón	N2VPN	0	1	Álfrún Pálmadóttir	1	1	6	0	0	19
Jurtalitun	N2JULN	0	1	Christalena Hughmanick	1	1	4	0	0	19
Samtals:			2		2	2	17	0	0	38
Samtals í heild:			19		25	23	220	265	236	828





SJÓNLISTADEILD

Haustið 2025 hófst skólaárið í fyrsta sinn í nýju húsnæði við Rauðarárstíg eftir flutningana tæpu ári fyrr. Þrátt fyrir að enn væri ýmislegt óklárað í nýju húsnæði þegar árið hófst var þó mikill munur á álagi frá því veturinn á undan.

Fornám fyrir starfsbraut var sameinað Sjónlistadeild í júní 2025 og veturinn 25-26 var því fyrsti veturinn sem deildin starfaði undir sameinuðum hatti.

Erling Klingenberg leysti Þórunni Maríu af mestan part haustannar.

Í október fór seinna stúdentsárið í Erasmus ferð til Berlínar. Þar heimsóttu nemendur m.a. söfn, sýningar, gallerí og fóru í heimsóknir á vinnustofur listamanna.

Á vorönn tók hluti nemenda þátt í Vetrarhátíð. Starfsbrautarnemendur með videóverkum sem þau höfðu unnið með Loga Hilmarssyni og voru sýnd utan á Ráðhúsinu. Fyrra stúdentsárið sýndi veggspjöld sem þau unnu í Myndvinnslu hjá Bjarna Hinrikssyni. Spjöldin voru sýnd á rafrænum flettispjöldum á Lækjartorgi.

Ýmsir listamenn komu í heimsókn með kynningar og/eða fyrirlestra; T.d. Amanda Riffo með fyrirlestur um eigin verk, Jónas Reynir með spjall í íslenskuáfanga, Sigtryggur Berg kynnti list sína og flutti gjörning, Hulda Rós Guðnadóttir og Þórunn Árnadóttir kynntu sig, list sína og störf. Nemendur heimsóttu vinnustofu Brynhildar Þorgeirsdóttur, Sigtryggur B. Baldvinsson bauð nemendum í vinnustofu sína, Guðjón Ketilsson var heimsóttur í vinnustofu sína, Steingrímur Gauti bauð sínum nemendum á vinnustofuna, Lúkas Bury bauð nemendum á vinnustofuna ofl. Ragnar Kjartansson kom í apríl og talaði við nemendur um lífið og listina.

Einnig var farið á ýmsar sýningar og söfn, m.a. í Marshall húsið, Safnahúsið, Hafnarborg, Gerðarsafn, Listasafn Íslands, Kjarvalsstaðir voru heimsóttir margoft og hópur í Starf og nám áfanga heimsótti Arkís, Lhí og fleiri staði.

Listasafn Íslands og Listasafn Reykjavíkur buðu nemendum Myndlistaskólans á foropnun á yfirlitssýningu á verkum Steinu, Tímaflakk og Listasafnið bauð nemendum einnig á foropnun á sýningarnar Sjávarbláma; sýningu Bryndísar Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson og Grandalaus viðföng, sýningu á verkum Agnieszka Polska.

YFIRKENNARI: ÞÓRUNN MARÍA JÓNSDÓTTIR





SJÓNLISTADEILD

	Áfangi	Kennari / -ar	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Loknar ein.	Kennslu-stundir
Listnámsbraut: Fyrra ár	FORM1FH03. Formfræði: Form og hlutföll	Arnar Ásgeirsson	17	51	48	60
	FORM2ÞM03. Formfræði: Þrívíð myndgerð	Finnur Arnar Arnarson, Guðrún Vera Hjartardóttir, Þórarinn Blöndal	16	48	45	60
	ÍSLE2RS04. Íslenska: Skapandi skrif	Haraldur Jónsson	16	64	64	44
	KFRT2IG02. Kvikmyndafræði: Inngangur	Oddný Jónsdóttir Sen	17	34	34	41
	LIST2HV04. Listasaga: Hugtök og viðfangsefni	Sigrún Inga Hrólfsdóttir	17	68	64	52
	LITA1EV03. Litafræði: Eiginleikar og virkni	Sigtryggur Bjarni Baldvinsson	16	48	45	60
	LÍKA1AA01. Líkamsrækt	Margrét Helga Weisshappel	16	16	14	17
	MARG1LJ03. Margmiðlun: Ljósmyndun	Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir, Stéphan Adam	17	51	51	121
	MENL2SM02. Menningarlæsi: Sjónmenning	Sigríður Ásgeirsdóttir, Þorgerður Ólafsdóttir	17	34	32	60
	MÓDE1TM03. Módelteikning: Teikning og mótun	Guðrún Vera Hjartardóttir, Halldór Baldursson	17	51	34	40
	STÆR2GE03. Stærðfræði: Form og mynstur	Jóhanna Ásgeirsdóttir	15	45	42	60
	TEIK1FM04. Teikning: Fjarvídd og mælingar	Elsa Dóróthea Gísladóttir, Eygló Harðardóttir, Hlíf Una Bárudóttir	17	68	68	72
Haust 2025 í heild sinni	12	19	15	578	541	687
Listnámsbraut: Fyrra ár	ENSK2OT03. Enska: Málnotkun og orðaforði	Louise Hazell A Harris	14	42	42	30
	HUGM1SB01. Hugmyndavinna: Skissubók	Einar Garibaldi Eiríksson, Erling Klingenberg	15	15	13	20
	ÍSLE3LV05. Íslenska: Lestur og miðlun	María M. Jóhannsdóttir	14	70	65	44
	KFRT2KF02. Kvikmyndafræði	Oddný Jónsdóttir Sen	14	28	28	40
	LIST2FE04. Listasaga: Frá fornöld til endurreisnar	Daria Sól Andrews	15	60	44	40
	LÍKA1BB01. Líkamsrækt	Margrét Helga Weisshappel	14	14	11	14
	MAPP1GS01. Möppugerð: Gagnasöfnun	Kristín Bogadóttir	15	15	15	20
	MARG2MV04. Margmiðlun: Myndvinnsla	Bjarni Hinriksson	15	60	48	60
	MENL1FF02. Menningarlæsi: Fagurfræði	Jón B.K. Ransu	14	28	20	
	MÓDE2HA02. Módelteikning: Hlutföll og anatómía	Margrét H. Blöndal	15	30	22	36
	STÆR2VL02. Stærðfræði: Vísindi og listir	Jóhanna Ásgeirsdóttir	13	26	26	44
	TEIK2MG03. Teikning: Myndgreining	Sigga Björg Sigurðardóttir	14	42	36	68
	VSTÆ2EA05. Verkstæði: Efni og aðferðir	Guðrún Vera Hjartard., Logi Hilmarss., Steingrímur Gauti Ingólfss.	14	70	64	128
Vor 2026 í heild sinni	13	16	14	500	434	570
SAMTALS 2025-2026	25	35	15	1078	975	1256

SJÓNLISTADEILD

	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nem.	Þreyttar ein.	Loknar ein.	Kennslu-stundir
Listnámsbraut: Seinna ár	BÓKA1BB01. Bókagerð: Bókband og bókverk	Sigrún Sigvaldadóttir	16	16	16	24
	ENSK3LT03. Enska: Bókmenntir og tjáning	Louise Hazell A Harris	12	36	12	42
	HUGM2RS01. Hugmyndavinna: Rannsóknir	Arnar Ásgeirsson	12	12	12	24
	ÍSLE3LR05. Íslenska: Ritgerðasmíð og bókmenntir	María M. Jóhannsdóttir	13	65	50	52
	LIST3ER04. Listasaga: Frá endurreisn til raunsæis	Karl Bergmann Ómarsson	12	48	40	54
	MAPP2FM01. Möppugerð: Ferilmappa	Hólmfríður Benediktsdóttir, Una María Magnúsdóttir	13	13	13	24
	MARG2HM04. Margmiðlun: Hljóð og mynd	Logi Hilmarsson	17	68	68	80
	MENL3VS03. Menningarlæsi: Vettvangur samtímans	Gunnhildur Walsh Hauksdóttir	12	36	36	53
	MÓDE3RG06. Módelteikning: Rými og gjörningur	Elsa Dóróthea Gíslad., Guðrún Vera Hjartard., Gunnhildur Walsh Hauksd.	16	96	90	112
	STAR1NS02. Starfsumhverfi og vinnustaðakynning: Nám og störf	Þorgerður Ólafsdóttir	13	26	20	32
	TEIK3TS05. Teikning: Tilraunastofa	Arnar Ásgeirss, Helga Páley Friðþjófsd.	16	80	75	92
Haust 2025 í heild sinni	11	15	13	496	432	589
Listnámsbraut: Seinna ár	HUGM3ÚT01. Hugmyndavinna: Útfærsla	Vilhjálmur Yngvi Hjálmarsson	13	13	13	24
	ÍSLE3GV01. Íslenska: Greinargerð um lokaverk	Haraldur Jónsson	13	13	13	20
	LIST3IS04. Listasaga: Frá impressionisma til samtíma	Karl Bergmann Ómarsson	13	52	52	39
	LITA2MS03. Litafræði: Merking og skynjun	Eygló Harðardóttir, Jón B.K. Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson	13	39	36	60
	MAPP3NU01. Möppugerð: Námsumsókn	Erling Klingenberg	13	13	13	15
	MARG3SV02. Margmiðlun: Blender / Riso-prent / Vídeó	Sigurjón Hrafn Hrannarsson, Þórunn Kolbeinsd., Dodda Maggý Kristjánsd.	13	26	26	40
	MENL3ST02. Menningarlæsi: Skynjun og túlkun	Haraldur Jónsson	13	26	26	48
	TEIK3RT06. Teikning: Rannsókn og túlkun	Elsa Dóróthea Gísladóttir, Eygló Harðardóttir, Guðjón Björn Ketilsson	13	78	78	80
	VSTÆ3FL03. Verkstæði: Flötur (I / II / III / Val)	Lukas Gregor Bury (Flötur I, II og III), Helga Björk Ottósdóttir (Flötur Val)	13	39	39	72
	VSTÆ3RÝ03. Verkstæði: Rými (I / II / III / Val)	Una Björg Magnúsdóttir (Rými I, II og III), Þuríður Ósk Smárad. (Rými val)	13	39	39	78
	VSTÆ3TÍ03. Verkstæði: Tími (I / II / III / Val)	Hlökk Þrastardóttir (Tími I, II og III) , Halldór K. Baldursson (Tími val)	13	39	39	72
	VSTÆ4LV06. Verkstæði: Lokaverk	Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arnarson, Una Björg Magnúsdóttir	13	78	78	92
Vor 2026 í heild sinni	12	20	13	455	452	640
SAMTALS 2025-2026	23	35	13	951	884	1229

SJÓNLISTADEILD

	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nem.	Þreyttar ein.	Loknar ein.	Kennslu-stundir
Fornám stúdenta	BÓKA1BB01. Bókagerð: Bókband og bókverk	Sigrún Sigvaldadóttir	36	36	36	48
	FORM1FH03. Formfræði: Form og hlutföll	Arnar Ásgeirsson, Finnur Arnar Arnarson	32	96	93	112
	FORM2ÞM03. Formfræði: Þrívíð myndgerð	Finnur Arnar Arnarson, Guðrún Vera Hjartardóttir, Þórarinn Blöndal	32	96	96	120
	HUGM1SB01. Hugmyndavinna: Skissubók	Baldvin Einarsson, Örn Alexander Ámundason	36	36	36	20
	LIST3NL02. Listasaga: Nútímalist	Ragnheiður Sigurðardóttir	36	72	72	28
	LITA1EV03. Litafræði: Eiginleikar og virkni	Jón B. K. Ransu, Steinunn Marta Önnudóttir	32	96	81	120
	MAPP2FM01. Möppugerð: Ferilmappa	Hólmfríður Benediktsdóttir, Una María Magnúsdóttir	36	36	32	48
	MARG1LJ03. Margmiðlun: Ljósmyndun	Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir, Stéphan Adam	36	108	108	385
	MARG2MV04. Margmiðlun: Myndvinnsla	Dagur Pétursson Pinós	39	156	144	77
	MENL1FF02. Menningarlæsi: Fagurfræði	Jón B. K. Ransu	36	72	72	24
	MÓDE1TM03. Módelteikning: Teikning og mótun	Guðrún Vera Hjartardóttir, Halldór Baldursson	32	96	72	80
	STAR1NS02. Starfsumhverfi og vinnustaðakynning: Nám og störf	Þorgerður Ólafsdóttir	35	70	70	32
Haust 2025 í heild	TEIK1FM04. Teikning: Fjarvídd og mælingar	Elsa Dórothea Gísladóttir, Eygló Harðardóttir, Hlíf Una Bárudóttir	32	128	128	144
	13	23	35	1098	1040	1237
Fornám stúdenta	HUGM2RS01. Hugmyndavinna: Rannsóknir	Erling Klingenberg, Hekla Dögg Jónsdóttir	36	36	33	48
	LIST3SL02. Listasaga: Samtímalist	Einar Garibaldi Eiríksson	36	72	72	26
	LITA2MS03. Litafræði: Merking og skynjun	Eygló Harðardóttir, Jón B.K. Ransu, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson	36	108	102	120
	MAPP3NU01. Möppugerð: Námsumsókn	Þorgerður Ólafsdóttir	36	36	34	64
	MARG3SV02. Margmiðlun: Blender / Riso-prent / Vídeó	Sigurjón Hrafn Hrannarsson, Þórunn Kolbeinsdóttir, Dodda Maggý Kristjánsdóttir	36	72	72	120
	MÓDE2HA02. Módelteikning: Hlutföll og anatómía	Sigga Björg Sigurðardóttir	36	72	72	72
	TEIK3RT06. Teikning: Rannsókn og túlkun	Elsa Dórothea Gíslad., Eygló Harðard., Guðjón Björn Ketilsson	36	216	216	160
	VSTÆ3FL03. Verkstæði: Flötur (I / II / III / Val)	Lukas Gregor Bury (Flötur I, II og III), Helga Björk Ottósdóttir (Flötur Val)	36	108	108	72
	VSTÆ3RÝ03. Verkstæði: Rými (I / II / III / Val)	Una Björg Magnúsd. (Rými I, II og III), Þuríður Ósk Smárad. (Rými val)	36	108	93	78
	VSTÆ3TÍ03. Verkstæði: Tími (I / II / III / Val)	Hlökk Þrastard. (Tími I, II og III) , Halldór K. Baldursson (Tími val)	36	108	96	72
	VSTÆ4LV06. Verkstæði: Lokaverk	Erling Klingenberg, Finnur Arnar Arnarss., Una Björg Magnúsdóttir	36	216	210	184
Vor 2026 í heild	11	23	36	1152	1108	1016
SAMTALS 2025-2026	24	46	35	2250	2148	2253

SJÓNLISTADEILD

	Áfangi	Kennari / kennarar	Fjöldi nem.	Þreyttar einingar	Loknar ein.	Kennslu-stundir
Fornám starfsbraut	FORM1TF06. Formfræði: Tvívíð formfræði	Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Styrmir Örn Guðmundsson	5	30	30	120
	LITA1MÁ02. Litafræði: Málverk og litafræði	Jóhanna Ásgeirsdóttir	5	10	10	60
	MARG1LM02. Margmiðlun: Ljósmyndun	María Björt Ármannsdóttir	5	10	10	16
	MÓDE1ML02. Módelteikning: Mannslíkaminn	Margrét H. Blöndal	6	12	12	40
	TEIK1FJ03. Teikning: Fjarvídd, mælingar, ljós og skuggi	Kristinn Guðbrandur Harðarson	6	18	18	72
Haust 2025 í heild sinni	5	6	5	80	80	308
Fornám starfsbraut	HUGM1SM02. Hugmyndavinna 2	Margrét H. Blöndal	5	10	10	20
	LIST1LA02. Listasaga og samtími	Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir	5	10	10	52
	MARG1HM03. Margmiðlun: Hljóð og mynd	Logi Hilmarsson	5	15	10	76
	TEIK1MF03. Teikning: Frásögn í teikningu	Margrét H. Blöndal	5	15	10	48
	VRKS1LV05. Verkstæði: Lokaverk	Jóhanna Ásgeirsdóttir, Kristinn Guðbrandur Harðarson, Hafsteinn Logi Hilmarsson	5	25	25	112
Vor 2026 í heild sinni	5	6	5	75	65	308
SAMTALS 2025-2026	10	12	5	155	145	616






LISTNÁMSBRAUT (FYRRA OG SEINNA ÁR)	Fjöldi áfanga	Fjöldi kennara	Fjöldi nemenda	Þreyttar einingar	Loknar einingar	Fjöldi kennslustunda
HAUST	23	34	29	1074	973	1276
VOR	25	36	27	955	886	1210
